Nr. 1. Lagt fram í Héraðsdómi
Reykjavíkur 4. desember 2018

S T E F N A

Kristinn Sigurjónsson,
kt. 081054-5099
Baughúsi 46,
112 Reykjavík

***Gerir kunnugt**:* Að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Háskólanum í Reykjavík, kt. 510105-4190, Menntavegi 1, 101 Reykjavík.

Málflutningsumboð fyrir stefnanda, aðild stefnda og fyrirsvar

Jón Steinar Gunnlaugsson lögmaður, Síðumúla 27, 105 Reykjavík, flytur mál þetta fyrir stefnanda.

Fyrirsvarsmaður stefnda er rektorinn Ari Kristinn Jónsson, kt. 170968-3879, með starfsstöð að Menntavegi 1, 101 Reykjavík.

Dómkröfur

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 56.863.000 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. maí 2019 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu og verði við ákvörðun hans tekið tillit til virðisaukaskatts á málflutningsþóknun lögmanns stefnanda.

Málavextir

Stefnandi hefur verið lektor við Háskólann í Reykjavík allt frá því Tækniháskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík sameinuðust 1. júlí 2005. Áður hafði hann gegnt lektorsembætti við Tækniháskólann og notið þar þeirrar réttarstöðu sem lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (SL) kveða á um.

Við sameiningu skólanna á árinu 2005 var stefnanda afhent bréf, dagsett 31. mars 2005. sem rektorar beggja skólanna rituðu undir. Í bréfinu sagði meðal annars svo: *„Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, ber sameinuðum háskóla að taka við réttindum og skyldum Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík gagnvart starfsmönnum samkvæmt ráðningarsamningum þeim sem í gildi eru og virða áfram launakjör og starfsskilyrði með sömu skilmálum og áður giltu.“*

Við stefnanda var gerður sérstakur ráðningarsamningur 24. október 2005, þar sem kveðið var á um ýmis ráðningarkjör hans. Hann starfaði síðan óslitið við skóla stefnda þar til honum var sagt upp störfum án fyrirvara 4. október 2018.

Stefnandi var ásamt fleira fólki þátttakandi í hópi á Facebook sem ber heitið *„Karlmennskuspjallið“*. Atvik að uppsögn stefnanda voru þau að annar maður í þessum hópi hafði 3. október 2018 birt á síðunni ljósmynd þar sem meðal annars var að finna áritaðan eftirgreindan texta (á ensku): *„After metoo, men are saying my reputation, my choice. Never be alone or mentor a woman at work.“* Stefnandi skráði eftirfærandi ummæli við þessa færslu: *„Ég er svo hjartanlega sammála, það á [að] aðgreina vinnustaði karla og kvenna. Vandinn er bara að konur reyna alltaf að troða sér þar sem karlmenn vinna, og um leið og þær eru komnar inn, þá byrja þær að eyðileggja hann, því allir karlmennirnir eiga þá að fara að tala, hugsa og hegða sér eins og kerlingar, allt annað er áreiti og ef sagður er neðanbeltisbrandari, svo ég nefni ekki klámbrandari, þá er það kynferðisofbeldi.“* Þess skal getið að stefnandi birti við ummæli sín svonefnt tjámerki sem táknaði að honum þætti efnið óskemmtilegt.

Fjölmiðillinn DV komst einhvern veginn yfir þessa færslu og birti ummæli stefnanda á fréttasíðu sinni þennan sama dag, 3. október 2018 (sleppti þó að birta tjámerkið). Stefndi brást við þegar í stað og var stefnandi boðaður á fund á skrifstofu mannauðsstjóra, Sigríðar Elínar Guðlaugsdóttur, strax 4. október klukkan 15.00. Þar mætti stefnandi og með honum Snjólaug Steinarsdóttir trúnaðarmaður hans. Þegar þau komu til fundarins var hann færður yfir á skrifstofu rektors sem var við hlið skrifstofu mannauðsstjórans. Nauðsynlegt er að taka fram að mannauðsstjórinn er sjálfur þátttakandi í „lokuðum“ umræðuhópi á facebook, sem nefnist *„Karlar gera merkilega hluti“*. Þar er skeytum eingöngu beint að karlmönnum með háði og illyrðum. Aðgang að þessum hópi getur hver fengið sem vill. Hefur komið fram að um 9000 manns hafi aflað sér slíks aðgangs og getað kynnt sér boðskapinn og tjáð sig um hann. Þá hefur komið fram opinberlega að orðsóðaskapurinn sem aðilar að þessum hópi ausa yfir karlmenn er með því lágkúrulegasta sem sést hefur á almennum vettvangi í landinu. Hefur þetta framferði á þessari síðu verið mjög til umræðu á Íslandi að undanförnu, sem lyktaði með því að fyrirsvarsmenn síðunnar gáfu 20.

október 2018 frá sér yfirlýsingu, þar sem viðurkennt var að birt hefðu verið óviðeigandi ummæli á síðunni og yrði í framtíðinni reynt að koma í veg fyrir slíkt.

Stefnandi kveður mannauðsstjórann aðallega hafa haft orð fyrir fulltrúum stefnda á fundinum 4. október. Fær þetta stoð í skriflegri lýsingu trúnaðarmanns kennara. Í máli mannauðsstjórans kom meðal annars fram það álit að það sem skrifað væri í facebook væri opinbert, eins og komist var að orði. Þá lýsti mannauðsstjórinn því að stefnanda væri ekki stætt á að starfa áfram við skólann. Að því mæltu sótti stjórinn tvö skjöl yfir á sína skrifstofu og afhenti þau stefnanda. Á öðru skjalinu var að finna texta fyrir fyrirvaralausa uppsögn stefnanda úr starfi sínu sem lektor við Tækni- og verkfræðideild stefnda en á hinu drög að samningi um starfslok stefnanda. Hefur komið fram af hálfu stefnda að hér hafi stefnanda verið sagt upp störfum, en honum um leið gefinn kostur á að gera samning um starfslok sín í stað þess að „þiggja“ uppsögnina. Í uppsagnarbréfinu var talið að stefnandi ætti rétt til þriggja mánaða launa eða til loka janúar 2019.

Í kjölfar þessara atburða kom málið til allmikillar umfjöllunar á netsíðum, m.a. fjölmiðla. Gaf stefnandi 8. október yfirlýsingu í fréttaviðtali við netsíðu mbl.is um málið. Kveðst hann þar biðjast afsökunar á ummælum sínum sem leitt hafi til þess að honum hafi verið sagt upp stöðu sinni hjá stefnda. Orðrétt er haft eftir honum: *„Ég þarf að biðja heiðarlegar konur afsökunar á því að hafa misboðið þeim með þessu orðfæri.“*

Stefnandi leitaði síðan til lögmanns síns vegna málsins 10. október 2018. Lögmaðurinn sendi þann sama dag bréf til stefnda, þar sem þeirri afstöðu stefnanda var lýst að uppsögnin væri ólögmæt og skorað var á stefnda að draga hana til baka. Kom m.a. fram í bréfinu að stefnandi nyti þeirrar réttarstöðu sem kveðið væri á um í lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (SL), þar sem hann hefði verið meðal starfsmanna Tækniháskóla Íslands við sameininguna 2005, sem var ríkisskóli. Var vísað til bréfs rektoranna tveggja til stefnanda 31. mars 2005, þar sem þetta hefði verið sérstaklega áréttað. Stefnandi hefði ekkert brotið af sér í starfi sínu, en brotum í starfi væri lýst í 21. gr. SL. Hann hefði heldur ekki fengið skriflega áminningu eins og skylt væri til þess að byggja mætti uppsögn á broti í starfi.

Í framhaldi af þessum atburðum gaf rektor stefnda frá sér yfirlýsingu, sem dagsett var 12. október. Í henni sagði meðal annars: *„Vegna fjölmiðlaumfjöllunar um starfslok lektors við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík skal ítrekað að stjórnendur háskólans tjá sig ekki um málefni eða starfslok einstakra starfsmanna. Eðlilegt er þó að taka fram að orðræða sem hvetur til mismununar eða haturs á grundvelli kyns, kynhneigðar,*

fötlunar eða kynþáttar er ekki liðin innan háskólans, enda þurfa allir sem nema og starfa innan veggja háskólans að geta treyst því að komið sé fram við þá af virðingu og að verk þeirra séu metin af sanngirni.“ Hér voru sýnilega á ferðinni hreinar dylgjur um að stefnandi hvetti til mismununar eða haturs á grundvelli kyns, því tilefni þessarar yfirlýsingar var mál stefnanda. Var yfirlýsingunni sýnilega ætlað að skýra ástæðurnar fyrir brottvikningu hans.

Svarbréf barst frá lögmanni stefnda 23. október. Fyrr þann sama dag hafði lögmaður stefnanda sent stefnda ítrekunarbréf, þar sem að auki var óskað eftir upplýsingum um þátt fyrrgreinds mannauðsstjóra stefnda í aðgerðunum gegn stefnanda. Í svarbréfi lögmanns stefnda var því mótmælt að stefnandi nyti þeirrar réttarstöðu sem kveðið er á um í SL. Í lögskiptum aðila gilti aðeins þriggja mánaða gagnkvæmur uppsagnarfrestur og þyrfti stefndi ekki að gefa upp ástæður sínar fyrir uppsögninni. Var áskorun stefnanda um að stefndi dragi uppsögn sína til baka hafnað.

Í bréfi lögmanns stefnanda 25. október var þessum sjónarmiðum mótmælt og talið að skuldbinding stefnda frá 31. mars 2005 væri í fullu gildi. Þá var stefnda bent á að stefnanda bæri við uppsögn réttur til sex mánaða uppsagnarfrests en ekki þriggja eins og stefndi hefði talið. Ennfremur var gerð grein fyrir miklum miska sem framferði yfirstjórnar stefnda hefði valdið stefnanda. Birtist hann í því að málið kom til mikillar umræðu á opinberum vettvangi. Virtust flestir ræðumenn á þeim vettvangi kaupa fyrirvaralaust dylgjur rektors um að stefnandi hvetti til mismununar og haturs, þó að flestir teldu að hann hefði ekki verðskuldað brottrekstur af þessum sökum. Var í bréfinu boðuð kröfugerð af þessu tilefni.

Stefnandi er fæddur 8. október 1954. Hann hafði hugsað sér að gegna starfi sínu til 70 ára aldurs. Brottrekstur hans veldur því að hann, kominn á þennan aldur, mun varla eiga kost á nýju starfi. Stefndi hefur fallist á að greiða honum laun til 1. maí 2019. Í máli þessu gerir stefnandi skaðabótakröfu sem nemur núgildandi launum hans frá 1. maí 2019 og til 1. nóvember 2024, þ.e. loka þess mánaðar er hann nær 70 ára aldri. Þá krefst hann miskabóta vegna þeirrar aðfarar að mannorði hans sem hann telur felast í háttsemi stefnda.

Málsástæður og lagarök

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að uppsögn stefnda á ráðningarsamningi hans hafi verið ólögmæt. Vísar stefnandi til þess að hann hafi notið sambærilegrar réttarstöðu í starfi sínu og opinberir starfsmenn njóta samkvæmt SL. Um þetta var honum gefin skilyrðislaus yfirlýsing í bréfi 31. mars 2005 sem undirritað var af rektorum beggja skólanna sem voru að sameinast. Það fær ekki staðist að þessi skuldbinding hafi fallið niður við gerð ráðningarsamningsins 24. október

sama ár, eins og stefndi virðist halda fram. Ekkert er getið um það í samningnum og stefndi hefur auðvitað ekki heimild til að fella skuldbindingu sína um þetta niður með einhliða yfirlýsingu, jafnvel þó að slík yfirlýsing hefði verið gefin, sem ekki var.

Þá byggir stefnandi kröfur sínar á því að hvernig sem réttarstöðu hans í starfinu hafi verið háttað hafi freklega verið brotinn á honum réttur með hinni fyrirvaralausu uppsögn 4. október. 2018. Stefnandi hefur áratugalangan flekklausan feril sem kennari hjá stefnda. Hann er andvígur allri mismunun milli nemenda skólans og hefur aldrei gerst sekur um neitt í þá átt. Fyrir liggur að uppsögnin á rót að rekja til ofstækisfullrar afstöðu skólayfirvalda stefnda til orða sem stefnandi lét falla á facebook og fyrr voru greind. Ekkert var efnislega athugavert við þau orð. Þau fólu aðeins í sér hugleiðingu í þröngum hópi um viðbrögð við þeim vanda sem um þessar mundir herjar á Vesturlönd, þar sem hafðar eru í stórum stíl uppi ásakanir á hendur samstarfsmönnum um kynferðislega áreitni, þó að engar sönnur hafi verið færðar á þær. Stefnandi gerir enga kröfu til að aðrir menn lýsi sig samþykka viðhorfunum um þetta sem hann viðhafði, og tekin eru upp að framan. Hann telur sig hins vegar mega tjá sínar skoðanir án þess að eiga á hættu að verða fyrir árásum á starfshagsmuni sína og æru. Skiptir þá í sjálfu sér ekki öllu máli hvort hann er talinn njóta réttarstöðu samkvæmt SL eða ekki. Að þessu leyti er staða hans samt sterkari vegna ákvæða laganna sem eiga beint við um hann samanber það sem fyrr sagði um það efni.

Á Íslandi gildir meginregla um skoðana- og tjáningarfrelsi. Þýðingarmestu réttarheimildina um þetta er að finna í 73. gr. stjórnarskrárinnar. Í þessu frelsi hlýtur meðal annars að felast vernd fyrir því að þeir, sem kveðast vera annarrar skoðunar en sá sem tjáir sig, geti beitt ræðumann viðurlögum í einkaréttarlegum lögskiptum vegna hinna mismunandi skoðana.

Stefnandi hefur í þessu máli mátt þola að rektor stefnda hefur á opinberum vettvangi dylgjað um að stefnandi hafi hvatt til mismununar eða haturs vegna kynferðis fólks og það meira að segja innan skólans. Ekkert er fjær sanni, eins og starfsferill stefnanda er til vitnis um.

Það er svo frekar hráslagalegt að sá yfirmaður hjá stefnda sem virðist hafa staðið fyrir aðförinni að stefnanda, er þátttakandi í umræðuhópi á netinu, þar sem boðuð er ofstækisfull afstaða kvenna til karlmanna. Árásirnar sem þar birtast eru einfaldlega réttlættar með kynferði þeirra sem árásum sæta. Þar er svo sannarlega hvatt til mismununar og haturs kvenna á karlmönnum. Á þessum vettvangi hefur mannauðsstjórinn sjálfur sent frá sér orðaskeyti sem umbúðalaust er beint að karlmönnum á grundvelli kynferðis þeirra og þeir nánast allir með tölu taldir taka þátt í einhvers konar samsæri gegn konum. Er þá

gjarnan tekið svo til orða að „feðraveldið“ sé að verki þegar karlmenn brjóti á konum. Er það virkilega svo að yfirstjórn stefnda, sem er virðulegur háskóli, skuli vera undir beinum áhrifum þessara ofstækisfullu skoðana og í reynd tilbúinn að framkvæma misrétti og hatur á starfsmönnum sínum, eingöngu vegna kynferðis þeirra? Aðför stefnda að stefnanda bendir til þess að svo sé. Það er að minnsta kosti ekki mikið samræmi í því að reka stefnanda en hrófla ekki við mannauðsstjóranum sem stundar ódulbúna hvatningu til hatursaðgerða gegn karlmönnum almennt og þá eingöngu vegna kynferðis þeirra.

Stefnandi vísar auk annars til yfirlýsingar sem rektorar allra íslenskra háskóla gáfu 15. júní 2005. Stefndi var meðal þeirra sem aðild áttu að þessari yfirlýsingu. Þar liggur öll áhersla á akademísku frelsi. Í yfirlýsingu þessari segir m.a. svo um þetta frelsi: *„Það felur í sér borgaralegan rétt til tjáningar og þátttöku í stjórn og félagsmálum utan háskólans, án þess að það bitni á árangursmati, framgangi eða starfskjörum.“* Stefnandi byggir á því að þessi yfirlýsing feli meðal annars í sér einkaréttarlega skuldbindingu af hálfu allra þessara skóla gagnvart starfsmönnum sínum. Engin vafi er á að brotið var freklega gegn þessari skuldbindingu gagnvart stefnanda, þegar hann var rekinn úr starfi sínu hjá stefnda fyrir það eitt að tjá sig um almennt málefni á vettvangi utan skólans.

Framferði stefnda sem um er fjallað í þessu máli hefur valdið stefnanda verulegum miska. Dylgjur rektorsins lutu að því, eins og áður sagði, að stefnandi hvetti til mismununar og haturs í samskiptum kynjanna. Það hefur hann aldrei gert, hvorki á vettvangi skólans né utan hans. Á opinberum vettvangi virtust flestir hins vegar hafa tekið dylgjur rektorsins um þetta trúanlegar og lýstu andúð sinni á stefnanda fyrir. Þetta gerðu meðal annars margir, sem samt kváðust vera andvígir brottrekstri stefnanda úr starfi. Stefnandi gerir af þessu tilefni miskabótakröfu að fjárhæð 5.000.000 krónur og styður hana við b. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Sundurliðun dómkröfu stefnanda

Mánaðarlaun stefnanda nema nú, þegar mál þetta er höfðað, 770.000 krónum. Fyrir liggur að stefndi muni greiða honum óskert laun til loka aprílmánaðar 2019. Krafa stefnanda er um áframhaldandi óskert laun, miðað við óbreytta fjárhæð, frá 1. maí 2019 til loka októbermánaðar 2024 en 8. október það ár mun hann ná 70 ára aldri. Hér er um 66 mánuði að tefla og margfaldar stefnandi einfaldlega mánaðarlaun sín með þeim mánaðafjölda. Fjárhæð þessarar kröfu verður þannig 50.820.000 krónur.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 nýtur stefnandi að lágmarki þeirra kjara sem kveðið er á um í kjarasamningi Félags háskólakennara við íslenska ríkið. Við

höfðun þessa máls er í gildi samningur frá 16. nóvember 2015. Samkvæmt honum nýtur stefnandi sérstakrar eingreiðslu 70.000 krónur 1. febrúar 2019 (2. gr.) og persónuuppbótar (desemberuppbótar) 89.000 krónur á árinu 2018 (4. gr). Gera má ráð fyrir að þessi uppbót muni halda sér um ókomin ár (nam reyndar 100.000 krónum í desember 2017) og þá að minnsta kosti með þessari fjárhæð. Fyrir næstu sjö ár 2018 – 2024 mun þessi launauppbót nema að minnsta kosti 623.000 krónum. Eingreiðslan í febrúar 2019 mun væntanlega endurtaka sig árin 2020 til 2024 og verða þannig a.m.k. sexföld frá tíma málsóknar þessarar og nema a.m.k. 420.000 krónum. Þessir tveir kröfuliðir nema þá 1.043.000 krónum.

Þá gerir stefnandi kröfu um miskabætur að fjárhæð 5.000.000 krónur, sbr. sjónarmiðin um það að framan.

Þessar fjárhæðir mynda stefnufjárhæðina 56.863.000 krónur.

Fyrir liggur að stefndi muni ekki sjálfviljugur greiða þessar fjárhæðir. Er því um svonefnda fyrirsjáanlega vanefnd að ræða. Telur stefnandi það réttlæta kröfu sína um dráttarvexti af fjárhæðinni frá upphafsdegi launakröfunnar 1. maí 2019.

Sönnunargögn og áskilnaður

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl:

1. Stefna
2. Skjalaskrá þessi
3. Málflutningsumboð
4. Bréf 31. mars 2005
5. Yfirlýsing um forsendur og frelsi háskóla 15. júní 2005
6. Ljósrit ráðningarsamnings 24. október 2005
7. Útprentun af síðu á Facebook 3. október 2018
8. Tölvupóstsamskipti í tengslum við fund 4. október 2018
9. Frásögn Snjólaugar Steinarsdóttur af fundi 4. október 2018
10. Drög að uppsagnarbréfi og samningi um starfslok, hvort tveggja 4. október 2018
11. Af netsíðu mbl.is 8. október 2018
12. Bréf lögmanns stefnanda 10. október 2018
13. Yfirlýsing rektors stefnda 12. október 2018
14. Yfirlýsing fyrirsvarsmanna „lokaðrar netsíðu“, birt 20. október 2018
15. Bréf lögmanns stefnanda 23. október 2018
16. Samskipti lögmanna um tölvupóst 23. – 24. október 2018
17. Bréf lögmanns stefnda 23. október 2018
18. Bréf lögmanns stefnanda 25. október 2018
19. Sýnishorn af athugasemdum mannauðsstjóra stefnda á lokaðri netsíðu
20. Tölvupóstur lögmanns stefnda 1. nóvember 2018

til svars við bréfi 25. október (dskj. nr. 18)

21. Launaseðlar stefnanda vegna launa í desember 2017 og október 2018
22. Samkomulag 16. nóvember 2015 um breytingar á kjarasamningi

Fyrirkall

Fyrir því stefnist hér með Ara Kristni Jónssyni, með starfsstöð hjá stefnda að Menntavegi 1, Reykjavík, fyrir hönd Háskólans í Reykjavík, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, **þriðjudaginn 4. desember 2018 kl. 10:00**, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á dómkröfur að hlýða og leggja fram varnir af sinni hálfu, ef einhverjar eru. Ef ekki verður sótt þing af hálfu stefnda má búast við því að útivistardómur gangi í málinu í samræmi við gerðar kröfur og eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefnufrestur er þrír sólarhringar.

Reykjavík, 23. nóvember 2018

Jón Steinar Gunnlaugsson lögmaður

Mér nægilega birt f.h. stefnda, Háskólans í Reykjavík.

Reykjavík, 23. nóvember 2018,

Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður